

Mál nr. 81/2018**M og
V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Krafa um bætur skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna áreksturs 4.3.2017.****Gögn.**

Málskot móttakið 5.3.2018, ásamt fylgiskjölum nr. 1-6.
Bréf V, dags. 12.4.2018

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið sem M ók og segir vitni að árekstrinum að A hafi ekið harkalega aftan á A. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar A hafi ekki haft ekki réttindi til að aka bifreiðum. M varð fyrir líkamstjóni við áreksturinn. M krefst þess að úrskurðað verði að hún eigi rétt til bóta skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og byggir á því að það teljist stórkostlegt gáleysi að aka bifreið án ökuréttinda og vísar til dóma Hæstaréttar í málum 671/2016 og 202/2015. V hafnar bótaskyldu skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. V segir að réttindaleysi tjónvalds sé ekki í orsakasambandi við slysið. Báðum bifreiðum hafi verið ekið á litlum hraða og um vægan árekstur hafi verið að ræða. V bendir á að sambærilegir árekstrar og sá sem hér um ræðir séu algengir hjá ökumönnum sem séu með ökuréttindi og teljist í mesta lagi til gáleysis þeirra en ekki stórkostlegs gáleysis eins og áskilið er í fyrirnefndri lagagrein. V bendir á að skv. a lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga sé um heimildarákvæði að ræða en kveði ekki á um skilyrðislausan rétt tjónþola til miskabóta.

Álit.

Jafnvel þó að vitni beri að áreksturinn hafi verið harkalegur þá virðist hafa verið um að ræða árekstur bifreiða á lítilli ferð, sbr. ákomur á bifreiðunum. Ökumaður A hafði ekki réttindi til að aka bifreið þegar áreksturinn varð, en slíkt réttindaleysi leiðir ekki sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að akstur hans feli í sér stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. Í því sambandi verður að meta allar aðstæður og skiptir þá m.a. máli hvort bifreið hafi verið ekið hratt og/eða ógætilega í umrætt sinn eða ekki. Einnig skiptir máli hvort ökumaður hafði einhverja reynslu eða þekkingu á akstri bifreiða, en ekki er sýnt fram á eða haldið fram að ökumaður A hafi ekki haft neina þekkingu eða reynslu af akstri bifreiða þegar slysið varð. Sönnunarbyrði um stórkostlegt gáleysi ökumanns bifreiðar A hvílir á M. Af gögnum málsins verður ekki séð að A hafi verið ekið hratt eða ógætilega í umrætt sinn eða að réttindaleysi hans hafi með beinum hætti leitt til áreksturs við bifreið M. Verður því ekki séð, miðað við fyrirliggjandi gögn, að ökumaður A hafi gerst sekur um stórkostlegt gáleysi við aksturinn. M á því ekki rétt á bótum skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Reykjavík 8. maí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður